

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2012



Reykjavík, febrúar 2013

Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2012

Umsjón:
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:
Edda G. Björgvinsdóttir
Erla Hulda Halldórsdóttir
Helga Guðmundsdóttir



Kvennasögusafn Íslands
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík
Sími: 525 5779
Netfang: kona@landsbokasafn.is
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>

Forsíðumyndin er af hópi ráðuneytisfólks frá Bosníu sem sótti fróðleik um íslenska kvennabaráttu til Kvennasögusafns Íslands 6. nóvember 2012. Ljósma.: Helgi Bragason

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a. ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Árið 2012 skipuðu nefndina:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns
Erla Hulda Halldórsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum
Helga Guðmundsdóttir (formaður), fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Starfsmenn

Auður Styrkárdsóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún hefur verið í 80% starfi frá ársbyrjun 2010.

Starfsemi safnsins

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og gangast sjálft fyrir rannsóknum. Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grisjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.
- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.

– Sjálfstæðum rannsóknum forstöðukonu sem nýtast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs forstöðukonu.

Á árinu 2012 rituðu 68 einstaklingar nafn sitt í gestabók, 14 karlar og 54 konur. Beiðnir símleiðis voru skráðar 103 og með tölvupósti 106. Erindin voru mörg og misjöfn og mislangan tíma tók að greiða úr þeim.

Heimsóknum á vef Kvennasögusafns fjölgar enn milli ára og er það sennilega helst að þakka að þar hafa verið settar fram upplýsingar úr kvennasögu sem mikið hefur verið spurt um, svo sem um kosningaréttinn, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og uppruna 8. mars og 19. júní.

Meðal heimsækjenda á safnið voru nokkrir erlendir:

16. – 18. jan.: Eva Drago frá Cornell University, kynnti sér sögu og gögn Kvennalistans
4. júní: Sylvie Lauder frá tékkneska blaðinu Respekt kynnti sér safnið og sögu íslenskrar kvennabaráttu

17. júlí: Bruno og Claudia Manighetti frá Zürich kynntu sér safnið

14. ágúst: Nemendur Alþjóða jafnréttisskólans kynntust safninu og sögu íslenskra kvenna

11. sept. Joan Thorlaksson Jugloff og Daniel Owens Thorlaksson frá USA leituðu upplýsinga um ættmenni og fræddust um safnið

12. sept. – „ -

11. nóv. Maria Chu frá USA kynnti sér safnið og sögu þess.

Í nóvember var hér á ferð 14 manna hópur sem starfar við ráðuneyti í Bosnía á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Þau komu hingað á vegum UN Women skrifstofunnar í Bosnía í þeim tilgangi að kynna sér reynslu Íslendinga af kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Þau heimsóttu meðal annars Kvennasögusafn og fengu ýmsan fróðleik um safnið og íslenska kvennabaráttu.

Í mars stofnaði Kvennasögusafn síðu á samfélagsmiðlinum Facebook. Þar setti forstöðukona m.a. inn „fréttir“ af fæðingardögum Ingibjargar H. Bjarnason, 17. des., Önnu Sigurðardóttur, 5. des., Ólafíu Jóhannsdóttur, 22. okt., og Bríetar Bjarnhéðinsdóttur 27. sept., auk fréttu og frásagna úr íslenskri kvennasögu.

Endurmenntun, ráðstefnur, fundir

Forstöðukona sótti fundi og aðra viðburði á vegum kvennasamtaka og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

NING – norrænn vettvangur kvennasögusafna og – upplýsingaveita Norðurlandanna - hélt reglulegan fund sinn dagana 4.-5. október í húsakynnum KVINFO í Kaupmannahöfn og sótti

forstöðukona Kvennasögusafns fundinn. Þar var m.a. rætt um að koma á fót sameiginlegri vefslóð eða síðu þar sem hægt verður að nálgast gömul kvenréttindatímarit (1880-1920 ca). Íslensku tímaritin *Framsókn* og *Kvennablaðið* hafa verið mynduð og má nálgast á www.timarit.is. Bæði Kvinno og Kvinnsam hafa látið mynda gömlu dönsku og sænsku blöðin, en sú vinna hefur ekki enn farið fram í Noregi og Finnlandi. Hinn verðandi vefur mun því fyrst um sinn einskorðast við Ísland, Danmörku og Svíþjóð þegar tæknileg mál hafa verið leyst.

Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

Erindi og fræðistörf forstöðukonu 2012:

- 2012 „Samanburður millum stöðuna hjá kvinnum í politikki í Færoyum og Íslandi. Samanburður á stöðu kvenna í stjórnmálum í Færeyjum og á Íslandi.“ Beinta í Jákupsstovu meðhöfundur. Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (ritstj.). *Frændafundur 7*. Fyrirlestrar frá íslensk-færoyskari ráðstevnu í Reykjavík 21.-22. august 2010. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- 2012 „Mér fannst eg finna sjálfa mig undireins og eg var laus við landann. Kvennabaráttan á Íslandi og alþjóðlegt samstarf.“ *Saga*, vor, bls. 37-79.

Erlent samstarf

Kvennasögusafn Íslands var í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið var skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og var jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til funda. NIKK var leyst upp af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar í ársbyrjun 2012, en í lok árs 2012 var það endurreist hjá Genus í Gautaborg.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

Starfið framundan

Handritadeild Landsbókasafns hefur hafið vinnu við að innleiða rafræna skráningu skjalasafna í Þjóðarbókhöfðu. Kvennasögusafn Íslands og Miðstöð munnlegrar sögu verða með handritadeild í þeirri innleiðingu og skráningu. Mikil vinna mun verða á næstu árum fólgin í því að skrá safnið í fyrirhugaðan rafrænan grunn.

Árið 2015 verða liðin 100 ár frá því lög voru sett er heimiluðu konum að kjósa í þingkosningum. Reyndar urðu þær að vera orðnar 40 ára (sem er einsdæmi í veröldinni), og almennt fengu íslenskar konur ekki kosningarétt fyrr en árið 1920. Sú hefð hefur hins vegar myndast gegnum tíðina að halda upp á árið 1915 frekar en 1920, enda munu ríflega 60% kvenna þá hafa fengið kosningaréttinn. Kvennasamtök undirbúa nú viðburði af þessu tilefni árið 2015 og á Kvennasögusafn Íslands aðild að þeirri samvinnu.

Árið 2017 verða liðin 500 ár frá því Marteinn Lúter negldi blað með *Disputatio pro declaratione virtutis indulgentiarum* á hallarkirkjuhurðina í Wittenberg, en sá atburður er talinn marka upphaf siðbótar. Fræðimenn við Háskóla Íslands hafa myndað áhugahópa um rannsóknir er tengjast siðbót og lýðræði og á forstöðukona Kvennasögusafns sæti í stýrihóp verkefnisins.

Aðföng 2012

Handrit:

14. mars Gögn komu frá Delta Kappa Gamma, félagi kvenna í fræðslustörfum. Fyrir er í Kvennasögusafni allmikið magn gagna frá félaginu.
27. mars Kristín Jónsdóttir færði safninu mikið af ljósmyndum frá Kvennaframboði og Kvennalista.
29. mars Þórunn Sveinbjarnardóttir færði safninu gögn tengd Nordisk Forum.
17. apríl Þórdís Árnadóttir færði safninu litla kompu Hildar Bjarnþórsdóttur Valfells (1889-1976) þar sem Hildur skrifaði niður kvæði Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum, langömmu hennar. Með fylgdi stutt æviágrip Hildar, skrifað af Þórdísi.
25. apríl Margrét Margeirsdóttir (f. 1929), félagsráðgjafi, færði safninu ýmislegt efni sem tengist aðbúnaði einstæðra mæðra á árunum 1969-1989, m.a. blaðaúrklippur og skýrslu.
9. ágúst Um hendur Sigrúnar Klöru Hannesdóttur bárust gögn úr fórum Sigríðar Þóru Valgeirsdóttur (1919-2011). Gögnin tengjast störfum hennar í Delta Kappa Gamma og verða borin saman við það sem fyrir er í Kvennasögusafni af því efni.
14. ágúst Sigríður Bjarnadóttir, Daltúni 32 Kóp., færði safninu stílabók er amma hennar, Guðný Jónína Óladóttir (f. 9.8. 1888, d. 5.12. 1955) skrifaði í mataruppskriftir er hún var á húsmæðraskóla í Noregi. Einnig bækling um niðursuðu og annan um saumaskap (báðir frá 1944). Einnig færði hún safninu handskrifaðan fyrirlestur um tísku karlmanna úr fórum föður hennar, Bjarna Konráðssonar, læknis.

Annað:

15. janúar Ásdís Hartmanns (s. 6906099) færði safninu tímaritið *19. júní* 1917-1925 (ritstj. Inga Lára Lárusdóttir), innbundið. Eigandi þess var ömmusystir Ásdísar, Elín Þorsteinsdóttir (1888-1966), er lengst af bjó á Ólafsfirði með manni sínum Þorvaldi Friðfinnssyni, útgerðarmanni. Safnið átti tímaritið ekki innbundið í heilu lagi og fer þetta því í hillu.
30. júlí Folketinget í Danmörku sendi tvö eintök af ritinu *Kvinder i statsråd, kvinder på tinge*, sem það gaf út á 40 ára embættisafmæli Margrétar Þórhildar drottningar.
13. sept. Sólveig Grétarsdóttir færði safninu bækur: *Kvindens Hvem, Hvad Hvor* 1963-1970, *Husmoderns Almanack* 1965 og 1966, *Hlín* 1967 og *Konur skrifa bréf*.
8. nóv. Jónas Friðrik Guðnason sendi safninu til eignar ljóðabók, *Til hennar*, höfundur ljóða er Jónas Friðrik og teikningar eftir Ingunni St. Svavarsdóttur.